


öllum Norðurlöndunum, auk þess sem hann hefur sýnt víða um heim.

„Ég mála mest abstraktmyndir, sem verða að túlka sig sjálfar. Áður en ég byrja að vinna mynd, geri ég mér yfirleitt grein fyrir því hvað ég ætla að fást við og stundum legg ég megináhersluna á litinn, stundum línuna, eða formið. Hvað verður fyrir valinu hverju sinni er ákaflega mismunandi, en myndin tekur oft miklum breytingum meðan ég er að vinna hana. Stundum margeyðilegg ég myndina, meðan ég er að vinna hana, og oft breyti ég fullgerðum myndum. Ég er svo sérvitur.“

Allar myndir Þorvaldar eru unnar í olíu og eru til sölu.




Sigurjón Ólafsson myndhöggvari. Hann á 14 verk á sýningunni.

„Myndin þróast meðan hún er í vinnslu“

Kristján Davíðsson tjáði blm. Mbl. að flestar af hans myndum á sýningunni væru nýjar, og væri sú elsta frá árinu 1976.

Kristján stundaði listnám í Reykjavík og síðar í Bandaríkjunum, og hefur tekið þátt í sýningum

Kristján Davíðsson við mynd sína Andlit í kyrrstæðri bílalest. Hugmyndina að þessari mynd fékk Kristján er hann var staddur í Chicago-borg í apríl síðastliðnum. Lenti hann þá í miklu umferðaröngþveiti, en í myndinni reynir hann að túlka hvernig honum leið á meðan hann beidi eftir því að komast áfram.



Blár dagur heitir þessi mynd Þorvaldar Skúlasonar.

með íslenskum og erlendum listamönnum víða um heim, auk þess sem hann hefur haldið 18 einkasýningar.

Á Kjarvalsstöðum sýnir Kristján nú olíumálverk og teikningar, auk þess sem ein mynd er unnin í akril.

„Ég reyni alltaf að láta litina og formið styðja hvort annað. A meðan myndin er í vinnslu þróast hún á ýmsa vegu, en eitthvað er þó á bak við myndina, sem mig langar til að framkvæma. Það kemur fyrir að ég mála stóra mynd á einum degi, svo eru það aðrar myndir sem eru mörg ár að fæðast.“

Kristján sagði að allar myndirnar á sýningunni væru til sölu nema tvær, sem væru í einkaeign.

upplifað í náttúrunni og umhverfi mínu.“

„Allar myndirnar mínar hér á sýningunni eru unnar í olíu og eru flestar þeirra til sölu.“

„Vinn nær eingöngu í tré nú orðið“



Sigurjón Ólafsson er eini myndhöggvarinn í Septem-hópnum, en aðrir í hópnum leggja aðaláhersluna á málverkið. Sigurjón stundaði listnám í Reykjavík og síðan á Listaháskólanum í Kaupmannahöfn. Hann hefur tekið þátt í sýningum víða um heim, auk þess sem höggmyndir hans eru á mörgum söfnum og við opinbera staði í Reykjavík og víðar.

Í viðtali við blm. Mbl. sagði Sigurjón að flest verka hans á Septem 79 væru nýleg og unnin á þessu og síðasta ári.

„Öll verkin nema tvö eru unnin í tré, þó ekki sé um eiginlegan myndskurð að ræða,“ sagði Sigurjón.

„Þetta eru nokkurs konar mómél, sem hægt væri að stækka í annað efni, ef áhugi væri fyrir hendi.“

Jóhannes Jóhannesson við mynd er hann nefnir Landnám. Sagði hann að í þessari mynd hefði honum fundist hann geta ráðið fram úr vandamáli, sem hann var að glíma við „og því er þetta eins konar landnám með sjálfum mér.“



Steinþór Sigurðsson hjá mynd sinni Vetrarblóm.

„Ástæðan fyrir því að flest verka minna á sýningunni eru unnin í tré, er sú, að ég get ekki lengur unnið í grjót. Eg er með ofnæmi fyrir ryki og vinn því nær eingöngu í tré nú orðið.“

„Á sýningunni eru 14 verk eftir mig og á ég þau öll sjálfur nema eitt,“ sagði Sigurjón ennfremur.

„Ég hef ekkert endilega hugsað mér að selja þessi verk, og því eru þau öll óverðmerkt. Það má eiginlega segja að ég sé að þessu að gamni mínu, en ekki til að selja.“

„Stórkostlegt að sýna á Kjarvalsstöðum“

„Þetta eru allt nýjar myndir, sem ég sýni hér núna, og eru

málaðar á árunum 1978 og 1979. Allt eru þetta olíumyndir og eru allar til sölu,“ sagði Jóhannes Jóhannesson.

Jóhannes stundaði listnám í Reykjavík og í Bandaríkjunum og hefur tekið þátt í mörgum listsýningum hérlendis og erlendis, auk þess sem hann hefur haldið nokkrar einkasýningar í Reykjavík.

„Ég tilheyrir kjarnanum úr gamla Septem-hópnum, og get ekki annað en sagt að margt hafi breyst síðan ég byrjaði á þessu. Gamli listamannskálinn var ákaflega skemmtilegur sýningarstaður og það var alltaf svo mikið um að vera þegar við vorum að bauka við að setja þar upp sýningar í gamla daga. Annars verður ekki annað sagt, en að það sé alveg stórkostlegt að fá tækifæri til að setja upp sýningu hér á Kjarvalsstöðum. Þótt Norræna húsið sé alveg ágætt er það full lítið fyrir okkur í Septem-hópnum, en hérna er mun stærri salur og miklu betra að koma verkunum fyrir svo að þau njóti sín. Kjarvalsstaðir eru eiginlega eini staðurinn í Reykjavík, sem ber svona stóra sýningu, og var það því alveg ágæt

Hlutfélag stofnað um klak- og fiskeldisstöð á Hólum í Hjaltadal

Bæ, 9. júlí.

ÞÓSTUDAGINN sjötta þessa mánaðar var stofnfundur hlutfélags um klak- og eldisstöð á Norðurlandi vestra haldinn á Hólum í Hjaltadal. Þar voru mættir um 30 fulltrúar frá fiskiræktar- og veiðifélögum á þessu svæði. Til fundar var boðað af undirbúningsnefnd, sem síðastliðin tvö ár hefur unnið að undirbúningi málsins.

Þarna var mættur sem fulltrúi landbúnaðarráðherra Haraldur Árnason skólastjóri, en fyrirhugað er að Bændaskólinn á Hólum eignist 40% af hlutfélagssins, sem ákveðið er 70 milljónir króna. Á fundinn komu einnig Árni Ísaksson frá Veiðimálastofnuninni, sem hélt erindi um klak- og eldisstöðvar og Eyjólfur K. Jónsson alþingismaður sem sat fundinn sem lögfræðilegur ráðunautur hlutfélagsins.

Hið nýstofnaða hlutfélag hlaut nafnið Hólalax h.f. og er heimilisfang þess Hólar í Hjaltadal og fá færri hlut í þessu félagi en vilja, því ásókn í að eignast hlut í því hefur verið meiri en hægt hefur verið að anna. Stjórn félagsins var kosin á fundinum og skipa hana Gísli Pálsson, Hofi, formaður, Valgeir Guðjónsson, varaformaður, Gísli Gíslason, ritari, Haraldur Árnason, Björn Lárusson, Bóðvar Sigvaldason og Pétur Hafsteinson. Áætlað er að stöð þessi taki til starfa haustið 1980 en sú áætlun byggist á því heitt og kalt vatni verði til staðar á skólasetrinu. Miklar vonir eru bundnar við þessa framkvæmd og jafnframt að barna gefist tækifæri til að veita bændaefnum undirstöðumenntun í fiskirækt. Hefur veiðimálastjóri einnig talið líklegt að á Hólum verði fastráðinn maður frá stofnuninni.

Gestkvæmt hefur verið á Hólum undanfarið og t.d. voru lærdir og leikir kirkjunnar menn á tveggja daga námskeiði þar um síðustu helgi. Spretta er mjög hæg og ekki eru líkur til að sláttur hefjist fyrr en um eða eftir næstu mánaðamót.

— Björn.

Kópavogur og Garðabær:

Þúsund ný símanúmer um áramót

UNNIÐ ER nú að smíði nýrrar símfstöðvar í Kópavogi sem þjóna á Kópavogi og Garðabæ. Er gert ráð fyrir að símfstöðin verði tekin í notkun um næstu áramót, en nú er verið að steypa upp húsíð.

Áð sögn Kára Jónassonar símfstjóra verða um 1.000 ný númer í stöðinni en nú bíða um 300 manns eftir að fá síma í Kópavogi og Garðabæ og kvaðst hann vona að þessi stækkun stöðvarinnar myndi duga um nokkurt skeið, en sumir hafa beðið allt að einu ári eða lengur eftir nýjum síma á þessum stöðum.

A.K.